

Takk fyrir þetta Álfheiður.

Kæru gestir.

Frá því að ég tók við embætti umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hef ég reynt að halda því til haga hvernig stóriðjan og stóriðjustefnan voru lykillinn að því sterka og samkeppnishæfa raforkukerfi sem við höfum byggt upp á Íslandi, almenningi til heilla sem hefur fært heimilum og fyrirtækjum raforkukaupmátt sem er einstakur í heiminum.

Við getum verið þakklát þeim sem réðust í markvissa vinnu við það á sjöunda áratug síðustu aldar að laða til Íslands erlent fjármagn og fyrirtæki, stóra og örugga langtíma kaupendur að orku, þetta var algjör forsenda þess að hægt væri að ráðast í stórar virkjanaframkvæmdir á Íslandi, og krafan um örugga orku til stóriðjunnar varð svo lykillinn að því að byggt væri upp hringtengt flutningskerfi. Þannig hefur hver einasta virkjun, hver einasta háspennulína verið hluti af stærra verkefni, að gera Ísland að einhverju öruggasta og hreinasta raforkusamfélagi heims.

Hér hefur stóriðjan og virk stóriðjustefna stjórnvalda leikið lykilhlutverk.

Nú árið 2025 er smám saman að hefjast nýr kafli í stóriðjusögunni. Og stóra breytingin er þessi. Nú látum við okkur ekki nægja að framleiðslan í verksmiðjum sé knúin endurnýjanlegri orku, heldur ætlum við líka að ýta markvisst undir það að þessi orka sé endurnýtt og að útblásturinn vegna framleiðslunnar sé lágmarkaður og fangaður. Við ætlum að virkja glatvarmann frá verksmiðjum og nýta þá auðlindastrauma sem falla til með fjölbreyttum hætti, til þess að skapa aukin umsvif, fleiri störf, meiri hagvöxt á sjálfbærum grunni.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem síðustu vikur og mánuði að stóriðjan á Íslandi er að ganga í gegnum ákveðnar hremmingar, ytri áföll sem ógna samkeppnishæfninni.

Hér hefur ríkisstjórn Íslands beitt sér af alefli á erlendri grundu til að verja íslenska hagsmuni, trúið mér ég hef fylgst með þessu í rauntíma, og svo er hitt að það er auðvitað viðvarandi verkefni að tryggja stóriðjunni góð rekstrarskilyrði og samkeppnishæft rekstrarumhverfi hér á Íslandi, og þar tek ég mitt hlutverk sem orkumálaráðherra alvarlega. En það er líka óumdeilanlegt að í dag er alþjóðlegt umhverfi og regluverk með þeim hætti að árangur í loftslagsmálum og sjálfbærni skiptir sköpum fyrir samkeppnishæfni.

Með því að fara markvisst í að vinna gegn losun og endurnýta auðlindastrauma frá stóriðju erum við ekki bara að fylgja eftir áherslum nýrrar ríkisstjórnar í loftslagsmálum heldur líka að styðja við samkeppnishæfni stóriðjunnar til framtíðar.

Í morgun beindi ég því til Loftslags- og orkusjóðs að veita 400 milljóna króna styrki til nýsköpunar og tækniþróunar sem stuðla að samdrætti í losun frá iðnaði sem fellur undir ETS-kerfið. Og hér á eftir munum við undirrita viljayfirlýsingu um aukin umsvif á Grundartanga þar sem horft verður uppbyggingar varmavirkjunar og nýtingar glatvarma og jafnframt til föngunar og bindingar kolefnis frá verksmiðjunni. Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið mun taka þátt í vinnu við að kortleggja sóknarfæri, áskoranir og óvissuþætti vegna verkefna á svæðinu og láta framkvæma úttekt á lagaumhverfi og regluverki að því er varðar orkuendurnýtingu og kolefnisföngun. Þá horfum við sérstaklega til þess að reynslan af þessu verkefni og aðkoma stjórnvalda og úttekt á lagaumhverfi geti nýst öðrum sambærilegum verkefnum í framtíðinni.

Það er mér heiður að taka þátt í þessu samstarfi við Elkem, Þróunarfélag Grundartanga, Orkuveitu Reykjavíkur, Orku náttúrunnar og Carbfix, og ég veit að með þessu getum við fest í sessi samkeppnishæfa og loftslagsvæna stóriðjustarfsemi á Íslandi til framtíðar.